

**Starfsáætlun barna- og unglingaráðs Vélhjólaiþróttafélags Reykjanes(VÍR)
2020-2021**

Verkefni ráðsins eru samkvæmt lögum félagsins frá ágúst 2003

1. gr.

Félagið hefur umsjón með íþróttá-, forvarna- og tómstundamálum tengt vélhjólaiðkun í umboði Stjórnar VÍR

2. gr.

Barna- og unglingaráð gerir tillögu til Stjórnar um stefnumörkun á sviði íþróttá- og tómstunda- og forvarnamála til stjórnar

Nefndin fylgist með því að þjálfarar á hennar vegum vinni að settum reglum, veiti góða þjónustu og að starfsemi þeirra sé skilvirk og hagkvæm.

3. gr.

Helstu verkefni íþróttá- og tómstundanevndar eru: 1. stuðla að öfluggu íþróttá- og tómstundastarfi í Sólbrekkum og hafa um það samstarf við aðila sem starfa á því sviði, m.a. með gerð sérstakra samstarfssamninga þar sem það á við s.s. VÍK,

vinna að því að auka þátttöku allra barna og unglunga í félags- og tómstundastarfi,

4. gr.

hafa eftirlit með starfsemi íþróttamannvirkja á vegum félagsins og starfsemi námskeiða barna og ungmenna,

5. gr.

að líta eftir að til séu sem gleggstar upplýsingar um íþróttá- og tómstundamál í Sólbrekkum og að íbúar hafi upplýsingar um þá þjónustu sem í boði er,

6. gr.

hafa umsjón með forvarnastefnu sveitarfélagana og framkvæmd þeirra.

7. gr.

Ráðið hefur eftirlit með framkvæmd laga og reglugerða á sviði íþróttá-, forvarna- og tómstundamála, eins og þau eru á hverjum tíma og að því marki sem löggin setja skyldur á herðar íþróttafélaga, m.a.:

1. íþróttalaga nr. 64/1998,

2. æskulýðslaga nr. 70/2008,

3. aðrar lagasetningar Alþingis sem á hverjum tíma tengjast verkefnum nefndarinnar.

8. gr.

Ráðið getur gert tillögu að veitingu styrkja til verkefna innan málaflokksins. Skulu slíkar styrkveitingar skulu veittar í samræmi við reglur sem íþróttá- og tómstundanefndir semja þar um.

Helstu verkefni og áherslur ársins 2021

- Facebook síða er komin í loftið og ber nafnið Barna og Unglingastarf Sólbrekku-VÍR @BarnastarfVIR og er nú fylgt af 114 manns.
- Aukin verið fræðsla um reglugerð um akstursíþróttir og aksturskeppnir nr. 507/2007 með síðri tíma breytingum
- Útbúa æfingadagatal fyrir 2021
- Halda byrjendanámskeið
- Halda 1 krakkakeppni
- Halda sameiginlegar æfingar með VÍK
- Farið verður yfir stuðning sveitarfélagsins við íþróttá- og tómstundastarf, s.s. fjárveitingar og aðra aðkomu og leikreglur sem notaðar eru vegna ákvörðunar um stuðning við íþróttá- og tómstundastarf.
- Unnið verði að því að koma upp æfingaaðstöðu utanhúss, útiæfingasvæði, Nefndin leggur jafnframt áherslu á að unnið verði með unglingabraut Sólbrekku sem framúrskarandi í viðhaldi, aksturstaekni og öryggi
- Unnið verði að undirbúningi á gerð stefnu í málefnum ungmenna á vélhjólum, en stefnuvinnan sjálf fari fram 2021 og 2022
- Áfram verði unnið að þróun starfseminnar og aðstöðu í Sólbrekku, s.s. varðandi enduruppbyggingu á núverandi aðstöðu og eignarhald á tækjum og búnaði
- Undirbúningsnefnd fyrir Bikarmót 2021 verði komið á laggirnar.
- Styðja við viðburði sem koma Sólbrekku á kortið s.s. byrjendanámskeið, keppnir og Hreyfivika.
- Unnið verði að gerð æskulýðsstefnu fyrir félagið sem byggða m.a. á æskulýðsstefnu sveitarfélagana á svæðinu og Menntamálaráðuneytisins á landsvísu. Gert er ráð fyrir að stefnan taki á málefnum forvarna, íþróttá, tómstunda og lýðræðis.
- Fylgst verði með framgangi við endurnýjun og unnið að því að skipta út fyllingarefni.
- Starfsemi Vegahússins verði tekin til endurskoðunar.



Mynd 1 Hressir krakkar við æfingar sumarið 2020 ásamt Júlíusi formanni barna- og unglingastarfs VÍR